

NORÐAUSTURVEGUR

Arnarstaðir - Brekka

Kynning framkvæmda

Sóley Jónasdóttir
Gunnar H. Jóhannesson



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri

Ágúst 2005

Samantekt

Vegagerðin er með skýrslu þessari að kynna vegaf framkvæmd á Norðausturvegi, vegnúmer 85 í Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu. Framkvæmdin nefnist Norðausturvegur, Arnarstaðir-Brekka. Fyrirhugað er að endurbyggja veginn á 12 km kafla sem hefst nokkuð sunnan Daðastaðavegar og endar skammt utan við heimreið að Brekku. Endurbyggður vegur liggur að mestu á núverandi vegi.

Framkvæmdinni verður ekki áfangaskipt.

Áætluð efnispörf í veginn er um 212 þús m³. Efni í veginn verður að mestu tekið úr sex námum í landi þriggja jarða, Daðastaða, Valþjófsstaða og Presthóla en einnig mun efni fást úr vegskeringum á vegsvæði. Allar námurnar eru í Öxarfjarðarhreppi.

Framkvæmdin telst ekki matskyld skv. 5. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum en kanna þarf matskyldu framkvæmdarinnar skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum því framkvæmdasvæðið er í minna en 100 m fjarlægð frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum. Þá þarf að kanna matskyldu þriggja náma í landi Presthóla, náma D, E og F. Náma D er ný náma sunnan Presthóla þar sem áætluð efnistaka er meiri en 50.000 m³. Námur E og F eru báðar opnar en eru í landslagsgerð, eldhraun, sem samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999 nýtur sérstakrar verndar.



Mynd 1. Horft til norðurs að Sveltingi frá útboðsenda í suðri. Gamli þjóðvegurinn liggur upp brekkuna til hægri og fylgir nýtt vegstæði honum að mestu.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur lítil umhverfisáhrif nema hvað varðar betri samgöngur og bætt umferðaröryggi vegfarenda.

Efnisyfirlit

1.	YFIRLIT	3
1.1.	ALMENNT	3
1.2.	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR	3
1.3.	MATSSKYLDA	3
1.4.	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR	4
1.5.	LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR	4
1.6.	RANNSÓKNIR	4
1.7.	STAÐA SKIPULAGS	5
1.8.	NÁTTÚRUMINJASKRÁ OG VERNDARSVÆÐI	5
1.9.	LEYFISVEITENDUR	5
2.	STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI	6
2.1.	STAÐHÆTTIR	6
2.2.	NÚVERANDI VEGUR	6
2.3.	UMFERÐ	7
3.	KOSTIR OG FRAMKVÆMDALÝSING	8
3.1.	KOSTIR	8
3.2.	FRAMKVÆMDALÝSING	8
3.2.1.	Endurbyggður vegur	8
3.2.2.	Efnispörf	9
3.2.4	Ræsi	11
3.3.	FRÁGANGUR	11
3.4.	VINNUBÚÐIR	11
3.5.	MANNAFLAÐÖRF	12
3.6.	FRAMKVÆMDATÍMI	12
3.7.	REKSTUR	12
4.	UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR	13
4.1.	ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM	13
4.1.1.	Vegagerð	13
4.1.2.	Efnistaka	13
4.2.	UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM	13
5.	LÝSING Á STAÐHÁTTUM	15
5.1.	MANNLÍF OG ÚTIVIST	15
5.2.	LANDSLAG	15
5.3.	SAMGÖNGUR, UMFERÐARÖRYGGI OG MENGUN	16
5.4.	LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN	16
5.5.	JARÐMYNDANIR OG VATN	17
5.6.	GRÓÐURFAR OG FUGLAR	18
5.7.	MENNINGARMINJAR	18
6.	AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA	21
7.	NIÐURSTAÐA	23
8.	HEIMILDIR	24
9.	TEIKNINGAR	24

1. YFIRLIT

1.1. ALMENNT

Vegagerðin fyrirhugar að endurbyggja, styrkja og leggja bundið slitlag á tæplega 12 km langan kafla á Norðausturvegi, vegnúmer 85, milli Arnarstaða og Brekku. Upphaf framkvæmdarinnar er nokkuð sunnan Daðastaðavegar og endar skammt utan við heimreið að Brekku. Veglínan fylgir að mestu núverandi vegi nema um Svelting, auk lítilsháttar frávíka við Presthólalón og Brekkuhamar.

Í tengslum við framkvæmdirnar verða þrjár einbreiðar brýr aflagðar og ræsi sett í þeirra stað.

Vegaframkvæmdin liggur um jarðirnar Daðastaði, Valþjófsstaði I, II og III, Einarsstaði, Presthóla og Brekku í Öxarfjarðarhreppi. Stefnt er að því að framkvæmdir við verkið hefjist haustið 2005. Verklok eru áætluð vorið 2006.

Efnistaka er fyrirhuguð úr sex námum; tveimur námum við Daðastaði, annars vegar við Daðastaðaveg og hins vegar í frágenginni námu skammt sunnan Naustár, úr nýrri námu við Valþjófsstaði auk þriggja náma í landi Presthóla; Djúpadalsnámu sunnan Presthóla, Hrauntúnsnámu við fjárhúsin á Presthólum og Presthólanámu norðan Presthóla. Nokkur hluti efnis mun koma úr vegskeringum.

1.2. MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Tilgangur framkvæmdarinnar er bætt vegasamband á Norðausturvegi. Markmiðið er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á Norðurlandi. Vegurinn verður með bundnu slitlagi og hannaður fyrir 90 km/klst hámarkshraða.

1.3. MATSSKYLDA

Framkvæmdin telst ekki matsskyld skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, 1. viðauka lið 10ii, því nýlagning vega nær ekki 10 km.

Við athugun Vegagerðarinnar hefur komið í ljós að kanna þarf matskyldu framkvæmdarinnar, vegna fornleifa og efnstöku á framkvæmdasvæðinu, skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Könnun á matskyldu framkvæmdarinnar er fjórþætt:

1. Samkvæmt viðauka 3.2.iii.c, því framkvæmdasvæðið er innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum. Friðlýsta fornleifin sem hér um ræðir er dys í landi Valþjófsstaða, um 70 m vestan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis í nágrenni stöðvar 18100.
2. Samkvæmt viðauka 2.2.a, því áætluð efnistaka úr námu sunnan Presthóla er meiri en 50.000 m³.
3. Samkvæmt viðauka 2.2.a, því efnistaka úr Hrauntúnsnámu við fjárhúsin á Presthólum er í eldhraun sem er landslagsgerð sem samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999, nýtur sérstakrar verndar.
4. Samkvæmt viðauka 2.2.a, því efnistaka úr námu norðan Presthóla er í eldhraun sem er landslagsgerð sem samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999, nýtur sérstakrar verndar.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð áhrif á umhverfið. Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila.

1.4. AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er fyrst og fremst Öxarfjörður, Melrakkaslétta og Þistilfjörður. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir vegagerð og efnistöku er í Öxarfjarðarhreppi.

Framkvæmdin afmarkast af uppbyggingu vegarins á svæðinu. Rekstur mannvirkisins og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur. Framkvæmdasvæðið sést á teikn. 1.

Vegsvæði Norðausturvegar sem er stofnvegur telst vera 60 m breitt og nær 30 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar.

Framkvæmdasvæði þessarar framkvæmdar verður hvergi mjög breitt því vegurinn er nær alfarið lagður ofan á núverandi veg. Vegurinn verður að mestu lagður á fyllingu en töluverðar skeringar verða á fjórum stöðum, við Svelting, Hafnarmel, Presthólalón og Brekkuhamar. Við Svelting verður nokkuð breið og um 3 m djúp skering sem að mestu er í sand og sandsteinslög, um 16 þús. m³. Við Hafnarmel verða skeringar hægra megin vegar, í sand, leirstein og klöpp, um 9 þús. m³. Við Presthólalón verða skeringar á tveim stuttum köflum hægra megin vegar, að mestu í þegar raskaðann hraungarð en einnig í núverandi veg, um 7 þús. m³, og í Brekkuhamar verður efnistaka í sand og klöpp, um 13 þús. m³. Þá verða minni háttar skeringar meðfram veginum á stöku stað.

Reiknað er með að framkvæmdasvæðið sé yfirleitt um 20-25 m breitt. Breiðast verður það við Svelting, vegna hárra fyllinga milli stöðva 13200-13420 og 13780-14000. Þar getur framkvæmdasvæðið orðið allt að 55 m breitt.

Á einstaka stað getur þurft að fara út fyrir framkvæmdasvæðið til að geyma efni tímabundið. Verður það gert í samráði við landeigendur.

Almennt er gert ráð fyrir að nota eins lítið framkvæmdasvæði og unnt er og er það tilgreint í útboðsgögnum. Þar sem vegurinn liggur um deiglendi/mýrlendi verður öllu raski haldið í lágmarki og ítrekað í útboðsgögnum að verktaka sé bannað að raska landi utan fyllinga og skeringa.

1.5. LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR

Vegagerðin mun hafa samráð við sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps, við landeigendur og framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdir hefjast og á framkvæmdartíma.

Samráð hefur verið haft við fulltrúa Fornleifaverndar ríkisins, Sigurð Bergsteinsson minjavörð Norðurlands eystra, varðandi fornminjar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

1.6. RANNSÓKNIR

Jarðfræðingur hjá Vegagerðinni gerði efnisrannsóknir og gróf könnunarholur á framkvæmdasvæðinu í október 2004. Texti um námur byggist á minnisblaði hans.

Starfsmenn Vegagerðarinnar gengu veglínuna fyrri hluta sumars 2005 og þversniðsmældu hana.

Fornleifastofnun Íslands var fengin til að skrá fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og í nágrenni þess. Minjavörður Norðurlands eystra hefur einnig farið um svæðið og skoðað skráðar fornleifar með tilliti til frekari rannsókna á þeim. Áður en framkvæmdir hefjast verða frekari rannsóknir gerðar á þremur fornleifum sem taldar eru vera í hættu vegna vegagerðar. Grafnir verða könnunarskurðir á tveimur svæðum og mælingar gerðar á einu svæði. Fornleifafræðingar verða fengnir til þessa verks.

Þar sem veglínan fylgir nær alfarið núverandi veglínu var ekki talin þörf á rannsóknum á gróðurfari og fuglalífi.

1.7. STAÐA SKIPULAGS

Til er staðfest aðalskipulag sem nær aðeins yfir hluta sveitarfélagsins, fyrir þéttbýlið Kópasker í Öxarfjarðarhreppi 1990-2010. Aðalskipulagið nær ekki yfir framkvæmdasvæðið.

1.8. NÁTTÚRUMINJASKRÁ OG VERNDARSVÆÐI

Á framkvæmdasvæðinu sjálfu er ekkert svæði sem er á Náttúruminjaskrá en í næsta nágrenni þess er Röndin, sem er á Náttúruminjaskrá. Í Náttúruminjaskrá er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt:

Röndin við Kópasker, Öxarfjarðarhreppi (áður Presthólahr.), N-Þingeyjarsýslu. (1) Sjávarbakkar frá Kópaskeri suður að Snartastaðalæk. (2) Jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum, jökulruðningur. Minjar um hopunarsögu ísaldarjökuls.

Framkvæmdin liggur utan þessa svæðis og mun ekki hafa áhrif á það.

Á Náttúruverndaráætlun 2004-2008 er tillögur um friðlýsingu hluta Melrakkasléttu, aðallega vegna fjölbreytts fuglalífs. Fyrirhugað svæði er í Öxarfjarðar- og Raufarhafnarhreppi. Með fyrirvara er hugmyndin sú að útfæra mörkin frá Presthólalóni norður í Kollufjall og þaðan austur í Klíningsskarð. Þá norður með Leirhafnarfjöllum austanverðum yfir í Geflu, þaðan austur í Þrætuvatn, yfir í Hafnarvötn og þaðan í Gegnisvík. Frá Gegnisvík með ströndinni í vestur og síðan allt í Vörsluvík í Raufarhafnarhreppi.

Samkvæmt 37.gr. Náttúruverndarlaga nr. 44/1999 eru vissar landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar. Á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði Norðausturvegar, milli Arnarstaða og Brekku, er eldhraun sem er landslagsgerð sem fellur undir þetta ákvæði laganna.

1.9. LEYFISVEITENDUR

Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Öxarfjarðarhrepps. Þar sem ekki er til aðalskipulag af Öxarfjarðarhreppi mun Vegagerðin mælast til að sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps veiti leyfi fyrir vegaf framkvæmdunum skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, 37. gr. þarf sveitastjórn Öxarfjarðarhrepps að leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, 43. gr. ásamt síðari breytingum 63/1994, 4. gr. þarf Vegagerðin að sækja um leyfi til Veiðimálastjóra vegna vegagerðar við Presthólalón.

Samkvæmt Þjóðminjalögum nr. 107/2001, 10. gr. þarf Vegagerðin að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins þar sem friðlýstar fornleifar eru innan 100 m frá framkvæmdasvæðinu.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

2. STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

2.1. STAÐHÆTTIR

Vegarkafllinn liggur um Núpasveit í austanverðum Öxarfirði. Sveitin takmarkast af tveimur núpum, Snartarstaðanúpi að norðan og Öxarnúpi að sunnan. Öxarnúpur er þverhníptur hamranúpur með skriðum neðst. Önnur fjöll á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem setja svip á landslagið eru Valbjófsstaðafjall, Katastaðafjall og Kollufjall. Lítils háttar birkikjarr hefur haldist í skjóli þessara fjalla og hlíðum þeirra. Nokkurt undirlendi er og landið tiltölulega vel gróið mólendi. Bygð er að mestu með sjónum og rísa lág fjöll að baki en annars hverfur landið yfir í lág heiðalönd sem að mestu eru þakin hraunum. Strandlengjan einkennist af miklum sandströndum. Við suðurenda útboðskafans rennur Sandá til sjávar en hún er austasta kvísl Jökulsár í Öxarfirði. Skammt norðan Sandáróss er Buðlungahöfn sem eitt sinn var löggilt höfn en lendingin er nú mjög skemmd af sandburði Sandár. Norðurendi útboðskafans er við býlið Brekku.

2.2. NÚVERANDI VEGUR

Á undanförunum árum hefur verið unnið að endur- og nýbyggingu Norðausturvegar í Keldunes- og Öxarfjarðarhreppi. Lokið hefur verið við byggingu kaflans frá Húsavík í Húsavíkurbæ að Arnarstöðum í Öxarfjarðarhreppi.

Vegarkafllinn sem nú stendur til að endurbyggja, er nokkuð vel uppbyggður malarvegur með fremur góða hæðar- og planlegu nema á stuttum köflum, við Svelting, Presthólalón og Brekkuhamar. Við Svelting er brött brekka, blindhæð og nokkuð kröpp beygja á veginum. Við Presthólalón liggur vegurinn alveg á lónsbakkanum með nokkuð háum og snarbröttum fláa auk þess sem vegurinn er með takmarkaðar sjónvegalemdir skammt sunnan lónsins. Við Brekkuhamar er blindhæð og allkröpp samsett beygja á veginum. Á nokkrum öðrum stöðum uppfyllir vegurinn ekki kröfur um sjónlengdir.



Mynd 2. Horft til norðurs yfir Presthólalón. Á myndinni sést nálægð núverandi vegar við lónið. Nýr vegur verður um vegbreidd austan núverandi vegar.

Þrjár einbreiðar brýr eru á vegarkafnanum, yfir Naustá, Valbjófsstaðaá og Klapparós. Brúin yfir Naustá var byggð árið 1973. Hún er 8 metra löng og 4 metra breið plötubrú. Valbjófsstaðaárbrú

var byggð árið 1976 og er 6 metra löng og 4 metra breið plötubrú. Brúin yfir Klapparósinn var byggð árið 1976 og er 8 metra löng og 4 metra breið plötubrú.

Allsstaðar er girt meðfram veginum að austanverðu, en aðeins frá stöð 18180 til norðurs að vestanverðu, að undanskildu Presthólalóni. Girðingar eru almennt í góðri fjarlægð frá veginum.

Vegtengingar eru frá núverandi vegi og að heimreiðum Daðastaða, Valþjófsstaða, Einarstaða, Presthóla og Efri Hóla, og Katastaða.

Tengingar eru inn á tún í stöðvum 14440, 19200, 19320, 19400 og 19530.

Vegslóðar að námum eru í stöð 20920 að Presthólanámu, stöð 21995 að Klapparósnámu og stöð 19090 að Magnavíkurnámu. Tenging inn á slóða niður að sjó í Presthólakrauni er í stöð 20000. Aðrar tengingar eru í stöðvum 23900 og 21680.

2.3. UMFERÐ

Ársgsumferð á vegarkaflanum árið 2004 var 187 bílar/dag. Sumardagsumferð var 238 bílar/dag og vetrardagsumferð var 149 bílar/dag. Meðalhutfall þungra bifreiða er um 8%. Framreiknuð ársgsumferð árið 2025 er um 221 bílar/dag, framreiknuð sumardagsumferð um 281 bílar/dag og framreiknuð vetrardagsumferð um 176 bílar/dag. Meðalhutfall þungra bifreiða er áætlað 10%.

3. KOSTIR OG FRAMKVÆMDALÝSING

3.1. KOSTIR

Varðandi staðsetningu vegarins hefur verið miðað við að hann víki sem minnst út af núverandi vegi til að halda raski á landi í lágmarki. Í frumdrögum verksins voru lagðir fram tveir valkostir á tveimur vegarköflum, í nágrenni Sveltings milli stöðva 12700-14700 og við Brekkuhamar milli stöðva 22000-22900.

Milli stöðva 12700-14700 stóð valið milli þess að leggja veginn annarsvegar vestan núverandi vegar, utan í klöpp og um sandfjörur Buðlungahafnar sem er forn lendingarstaður og var áður fyrr róið þaðan til fiskjar. Hinsvegar um Svelting skammt austan núverandi vegar en þar er um 15-20 m hátt klettabelti. Sveltingur er örnefni sem bendir til þess að þar hafi landi háttáð þannig að fé gæti lokast af milli klettabeltis og sjávar og lent þar í svelti. Mesta fjarlægð veglínunnar um Buðlungahöfn frá núverandi vegi er um 230 metrar, en mesta fjarlægð veglínunnar um Svelting frá núverandi vegi er um 60-65 metrar. Veglínan um Svelting er sá valkostur sem framkvæmdaraðili leggur hér fram og verða þar töluverðar fyllingar og skeringar til að draga úr halla og bæta sjónvegalengdir.

Milli stöðva 22000-22900 við Brekkuhamar er all krappur hábogi á veginum. Til að draga úr halla, laga skertar sjónlengdir og planlegu er nauðsynlegt að hafa veginn á auknum fyllingum beggja vegna háhæðarinnar og skera hæðina töluvert niður. Við þetta eru bæði hitaveitulögn og raflína í uppnámi. Valkostirnir á þessum kafla felast í báðum tilvikum í lítilsháttar hliðrun á veginum á stuttum kafla. Í öðrum valkostinum þarf að færa bæði hitaveitulögn og raflínu, en í hinum þarf hugsanlega aðeins að færa hitaveitulögnina á stuttum köflum og leggur framkvæmdaraðili þann valkost hér fram.

3.2. FRAMKVÆMDALÝSING

3.2.1. Endurbyggður vegur

Endurbyggður vegur liggur frá slitlagsenda skammt sunnan Daðastaðavegar við stöð 12600, að útboðsenda við heimreið að Brekku við stöð 24340.

Vegurinn verður gerður samkvæmt vegtegund C1, sem er 7,5 m breiður vegur með 6,5 breiðri akbraut og bundnum öxlum. Slitlagsbreidd er 7,3 m. Hönnunarhraði er 90 km/klst.

Endurbyggður vegur verður nokkuð breiðari og hærri en núverandi vegur til að minnka snjósöfnun á vegi. Að jafnaði er reiknað með um 0,5 m hækkun. Vegna hækkunarinnar lengjast fláar, mest til austurs frá suðurenda útboðskafla út fyrir Klapparós en til vesturs eftir það. Þetta er gert til að hlífa hitaveitulögn til Kópaskers sem er í vegkanti á mest öllum framkvæmdakaflanum.

Framkvæmdin er að mestu innan núverandi vegsvæðis nema á þremur stuttum köflum, við Svelting, Presthólalón og Brekkuhamar. Við Svelting víkur vegurinn nokkuð út af núverandi vegi til að bæta öryggi vegfarenda. Þar verður miðlína nýs vegar mest í um 60-65 m fjarlægð frá miðlínu núverandi vegar. Við Presthólalón og Brekkuhamar eru minniháttar frávik á stuttum köflum. Við Presthólalón er miðað við að færa veginn nokkuð til austurs á 500 m kafla meðfram lóninu til að fyllingar, vegna flatari fláa og hærri vegar, nái ekki út í lónið. Þar fer miðlína nýs vegar mest um 10 m frá miðlínu núverandi vegar. Við Brekkuhamar er lítilsháttar tilfærsla, að mestu til að hlífa lögnum við núverandi veg.

Minnsti planbogi er 290 m við stöð 24000 og mesti halli er við Svelting, eða 6,2%. Miðað er við að halli á fláum í vegskeringum verði á bilinu 1:2,5 - 1:6 í laust efni, háð landslagi og allt að 3:1 í berg og annað fast efni. Vegfyllingar verða að jafnaði með hallanum 1:2,5.

Í samræmi við markmið samgönguáætlunar um að fækka einbreiðum brúm á stofnvegum verða þrjár einbreiðar brýr á vegarkaflanum aflagðar og stálröraræsi sett í þeirra stað. Í Naustá verður

sett stórt ellipsulaga ræsi 6,95 m x 3,95 m, í Valþjófsstaðaá 2,4 m ræsi og í Klapparós þrjú samhliða 2,4 m ræsi.

Undirgöng fyrir sauðfé verða gerð í stöð 19920.

Tengingar að heimreiðum Daðastaða, Valþjófsstaða, Einarsstaða, Presthóla og Efri Hóla og Katastaða verða aðlagðar hæðarlegu endurbyggðs vegar. Einnig verða tengingar inn á tún, námuslóða og aðra slóða aðlagðar hæðarlegu endurbyggðs vegar.

Gert er ráð fyrir að reiðfært verði að mestu meðfram veginum en ekki er talið að umferð hestamanna á svæðinu sé það mikil að þörf sé á sérstökum reiðvegi.

3.2.2. Efnispörf

Áætluð efnispörf í verkið er 212.000 m³. Verktaki má hvergi taka efni til vegagerðar nema úr vegskeringum og námum í landi Daðastaða, Valþjófsstaða og Presthóla. Frekari upplýsingar um efnispörf og efnistöku má sjá í töflum 1 og 2 hér fyrir neðan.

Áður en efnistaka úr vegskeringum og námum hefst verður öllum lífrænum jarðvegi sem finnst á svæðinu ýtt í haug og geymt til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur.

Tafla 1. Efnispörf

	<i>magn í m³</i>
Klæðingarefni	4.000
Efra burðarlagsefni	20.000
Neðra burðarlagsefni	63.000
Fyllingar og fláafleygar	125.000
Samtals	212.000

Tafla 2. Efnistaka

	<i>Klæðingar- efni magn í m³</i>	<i>Efra burðarlag magn í m³</i>	<i>Neðra burðarlag magn í m³</i>	<i>Fyllingar- efni magn í m³</i>	<i>Samtals</i>
Náma A-Daðastaðir				24.000	24.000
Náma B-Naustá				14.000	14.000
Náma C-Valþjófsstaðir				5.000	5.000
Náma D-Djúpadalsnáma			27.000	27.000	54.000
Náma E-Presthólar, Hrauntúnshólar	4.000	20.000			24.000
Náma F-Presthólar			30.000		30.000
Skeringar			6.000	55.000	61.000
Samtals	4.000	20.000	63.000	125.000	212.000

Náma A - Daðastaðir

Náma A er austan vegar í nágrenni stöðvar 13500. Náman er í sethóla sem eru frá lokum síðjökultíma eða byrjun nútíma. Hún liggur rétt norðan Daðastaðavegar um 0,4 km frá Norðausturvegi (85). Opin náma er rétt sunnan nýja námusvæðisins, hinum megin Daðastaðavegar, og þar hefur um 3.7 þús. m² svæði þegar verið raskað. Nýja námusvæðið er um 8 þús. m² að flatarmáli, og samtals er því námusvæðið um 11.7 þús. m² að stærð. Efnistaka verður í sandríkt efni og verður vinnsludýpi námunnar að meðaltali um 3 m. Námuvegur verður um 0,4 km eftir núverandi heimreið að Daðastöðum og síðan þarf að leggja um 0,05 km langan slóða inn í námuna. Náman er að mestu ógróin en í lægðum er gróið og sömuleiðis er gróið í jöðrum námunnar. Við frágang verður efnistökusvæðið sléttað og mótað þannig að það falli vel að umhverfi sínu. Sáð verður í námuna að frágangi loknum. Námusvæðið telst hafa lágt verndargildi (4. flokkur) þ.e. um er að ræða sethóla sem ekki njóta neinnar verndar. Efnistaka verður nokkuð

áberandi frá Norðausturvegi og gengið verður frá námusvæðinu þannig að sjónræn áhrif verði í lágmarki. Ekki verður gengið frá syðri hluta námunnar sem nú er opinn nema eindregin ósk landeiganda komi til.

Miðað við frumdrög er áætluð efnistaka úr námunni um 24 þús m³ og verður efnið notað í fyllingar og fláafleyga.

Náma B - Naustá

Náma B er austan vegar í nágrenni stöðvar 14500, fast upp við núverandi veg og um 0,4-0,5 km sunnan við Naustá. Náman er í ógróinn sethjalla og er um forna strandlínu að ræða frá því í lok síðjökultíma. Fyrirhugað námusvæði er allt að 11 þús. m² að stærð. Efnistaka verður í sandríkt efni og verður vinnsludýpi námunnar að meðaltali um 1,3 m. Námusvæðið er framhald af frágenginni námu. Við frágang verður efnistökusvæðið sléttað og mótað þannig að það falli vel að umhverfi sínu. Námusvæðið telst hafa lágt verndargildi (4. flokkur) þ.e. um er að ræða sethjalla sem ekki njóta neinnar verndar. Efnistaka verður nokkuð áberandi frá Norðausturvegi en þar sem um stækkun frágenginnar námu er að ræða verður breyting á sjónrænum áhrifum ekki mikil frá því sem nú er.

Miðað við frumdrög er áætluð efnistaka úr námunni um 14 þús. m³ og verður efnið notað í fyllingar og fláafleyga.

Náma C - Valþjófstaðanáma

Náma C er austan vegar í nágrenni stöðvar 16800, fast upp við núverandi veg. Náman er að mestu í lítt gróna lága hæð og er um forna strandlínu að ræða frá því í lok síðjökultíma. Fyrirhugað námusvæði er allt að 4 þús. m² að flatarmáli. Við vinnslu verður hæðin lækkuð niður og við frágang verða fláar hafðir flatir svo náman verði sem minnst áberandi. Efnistaka verður í mól og sand og verður vinnsludýpi námunnar að meðaltali um 1,3 m. Sáð verður í námuna að frágangi loknum. Námusvæðið telst hafa lágt verndargildi (4. flokkur) þ.e. um er að ræða forna strandlínu sem ekki nýtur neinnar verndar. Efnistaka verður nokkuð áberandi frá Norðausturvegi. Gengið verður frá námusvæðinu þannig að sjónræn áhrif verði í lágmarki.

Miðað við frumdrög er áætluð efnistaka úr námunni um 5 þús. m³ og verður efnið notað í fyllingar og fláafleyga.

Náma D – Presthólar, Djúpidalur

Náma D er austan vegar í nágrenni stöðvar 19200. Enginn námuvegur liggur að námunni og leggja þarf um 0,7 km langan slóða að námunni. Náman er ný og er í grasi gróið svæði og að hluta til í nýrækt. Náman er í set og er um forna strandlínu að ræða frá því í lok síðjökultíma. Fyrirhugað námusvæði er allt að 28 þús. m² að stærð. Efnistaka verður í sand og fína mól og verður vinnslustál námunnar að meðaltali um 2 m. Við frágang verður efnistökusvæðið sléttað og mótað þannig að það falli vel að umhverfi sínu. Sáð verður í námuna að loknum frágangi. Námusvæðið telst hafa lágt verndargildi (4. flokkur) þ.e. um er að ræða strandset sem ekki nýtur neinnar verndar. Efnistaka verður nokkuð áberandi frá Norðausturvegi meðan á framkvæmd stendur en gengið verður frá efnistökusvæðinu þannig að sjónræn áhrif verði í lágmarki.

Miðað við forhönnun er áætluð efnistaka úr námunni um 54 þús. m³ og verða um 27 þús. m³ notaðir í neðri hluta neðra burðalags en 27 þús. m³ verða notaðir í fyllingar og fláafleyga.

Náma E – Presthólar, Hrauntúnsnáma

Náma E er austan vegar upp við fjárhús Presthóla að hluta í túni. Nú þegar liggur 0,7 km langur slóði milli Námusvæðis D og fjárhúsanna en hann verður styrktur og lagfærður. Hafnamálastofnun tók efni þarna á sínum tíma í hraunklöpp sem var notað í hafnargarðinn á Kópaskeri. Ný efnistaka verður í framhaldi af þeirri efnistöku í hraunklöpp sem er í Presthólhrauni. Um 0,5 þús. m² svæði hefur þegar verið raskað en fyrirhugað nýtt námusvæði verður allt að 10 þús. m² að flatarmáli. Hraunið er áætlað um 2-2,5 m þykkt og verður hraunbrúnin færð aftar. Haft verður samráð við ábúanda á Presthólum varðandi frágang námubotns. Náman er metin með hátt verndargildi hjá Vegagerðinni, þ.e. í verndargildisflokk 2. Náman verður ekki áberandi frá Norðausturvegi.

Miðað við forhönnun er áætluð efnistaka úr námunni um 24 þús. m³ og verður efnið notað í efra burðarlag og klæðingu.

Náma F – Presthólar

Náma F er austan vegar í nágrenni stöðvar 20900. Námuvegur er um 0,3 km langur. Þetta er opin ófrágengin náma og var efnið að mestu tekið úr gervigíg í Presthólhrauninu sem er nú uppurinn. Nýtt námusvæði er við jaðar gígsins sem nú er horfinn. Efnistakan verður því í gjall og hrauneitla og verður hvorki hreyft við gervigígum né hreinu hrauni. Um 8 þús. m² svæði hefur þegar verið raskað en fyrirhugað nýtt námusvæði verður allt að 11 þús. m² að flatarmáli með frágangssvæðinu en samtals verður náman þá allt að 19 þús. m² að stærð þegar búið er að ganga frá henni. Vinnsludýpi núverandi námu er á bilinu 5–9 m og gert er ráð fyrir að nýtt námusvæði verði unnið niður á 3-8 m dýpi og er þar með talið umframefni sem verður flutt til, til að fletja út fláa og slétta botn núverandi námu. Sáð verður í námuna að loknum frágangi. Náman er metin með hátt verndargildi hjá Vegagerðinni, þ.e. í verndargildisflokk 2. Náman er ekki sýnileg frá Norðausturvegi.

Miðað við forhönnun er áætluð efnistaka úr námunni um 30 þús. m³ og verður efnið notað í efri hluta neðra burðarlags.

3.2.4 Ræsi

Auk brúarræsa er gert ráð fyrir að endurnýja öll ræsi í veginum. Þau eru alls 13 og eru við stöðvar; 13520, 15310, 16140, 16490, 16930, 17460, 17980, 18870, 19740, 21480, 23140, 23666 og 24120.

3.3. FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga og skeringa.

Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar verði ekki hafðar ófrágengnar lengur en nauðsyn krefur.

Öllum lífrænum jarðvegi sem finnst í yfirborði hliðarskeringa og námusvæða verður ýtt ofan af til að geyma og jafna yfir svæðin í lok framkvæmdar sem efsta lag við frágang. Með því ætti árangur af sáningum að verða öruggari.

Frágangi á vegskeringum og námum verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Þær verða sléttaðar vel og í samræmi við landslag og halla umhverfis. Aðlaga þarf brúnir vegskeringa að landinu í kring, svo þær verði ekki eins áberandi.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Leitað verður til Umhverfisstofnunar eftir þörfum um hvernig staðið skuli að uppgræðslu vegsára. Allur frágangur verður í samráði við landeigendur og eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar.

Þar sem skepnuhaldum girðingum verður raskað verða þær lagfærðar í samráði við landeigendur. Vegtengingar verða aðlagaðar að nýrri hæð vegarins. Sá hluti E námu sem nú er opin verður lokað að framkvæmdum loknum.

3.4. VINNUBÚÐIR

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

3.5. MANNAFLAÐÖRF

Vegna umfangs verksins má reikna með að nokkur fjöldi starfa skapist á framkvæmdartíma. Ef verkið verður boðið út í einu lagi má reikna með um 15-20 störfum í 9 mánuði.

3.6. FRAMKVÆMDATÍMI

Fjárveiting í fyrirhugaða framkvæmd er á vegáætlun 2005 og 2008, samtals 230 mkr. Áætlað er að haustið 2005 verði verkið boðið út og verklok verði sumarið 2006.

Framkvæmdin tengist endurbyggingu Norðausturvegar á Norðausturlandi. Kostnaðaráætlun samkvæmt forhönnun er 290 mkr. Þegar framkvæmdum á kaflanum lýkur verður kominn góður, uppbyggður vegur frá Húsavík til Kópaskers.

3.7. REKSTUR

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.

Í dag er vetrarþjónusta, þ.e. snjómokstur og önnur þjónusta alla daga vikunnar nema laugardaga, á Norðausturvegi milli Arnarstaða og Brekku. Engar áætlanir hafa verið um breytingar á rekstri vegarins eftir að vegaframkvæmdum lýkur og miðað er við að þjónustan verði svipuð og nú er. Viðhald og rekstur á veginum mun fylgja þeim stöðlum og vinnureglum sem almennt eru viðhafðar á vegakerfinu og byggjast m.a. á vegflokkum, umferð o.þ.h.

4. UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim.

4.1. ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

4.1.1. Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Þegar endurbyggður er gamall vegur sem fylgir núverandi vegi má búast við að áhrif framkvæmdarinnar séu minni en þegar um nýbyggingu er að ræða. Helstu áhrif við endurbyggingu Norðausturvegar í Öxarfirði felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir hafa sjónræn áhrif og geta markað ný spor í landslagið.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýir vegir eru hannaðir til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð veglagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

4.1.2. Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfín ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

4.2. UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM

Vegagerðin reyndi að meta hvort líklegt væri að endurbygging Norðausturvegar á kaflanum frá Arnarstöðum að Brekku myndi hafa veruleg áhrif á umhverfið.

Þar sem fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hefur áður verið raskað telur Vegagerðin að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg. Efnistaka úr námum utan vegsvæðisins er nokkur á framkvæmdatímanum, en að framkvæmdum loknum verða námur sléttaðar og þeim lokað. Í eftirfarandi töflu eru taldir upp þeir umhverfisþættir sem framkvæmdaraðili telur líklegast að orðið geti fyrir áhrifum af framkvæmd og starfsemi.

Tafla 3. Áhrif framkvæmdaþátta á umhverfi

		FRAMKVÆMDAÞÆTTIR		REKSTRARÞÆTTIR
		VEGAGERÐ	EFNISTAKA	REKSTUR
UMHVERFISÞÆTTIR	– Vegsvæði <ul style="list-style-type: none"> • Gróðurfar • Smádýralíf • Fuglar • Fornminjar • Jarðmyndanir 	– Efnistökusvæði <ul style="list-style-type: none"> • Gróðurfar • Smádýralíf • Fuglar • Fornminjar • Jarðmyndanir 		
	– Landslag <ul style="list-style-type: none"> • Landslag 	– Landslag <ul style="list-style-type: none"> • Landslag 	– Landslag <ul style="list-style-type: none"> • Útsýni að námusvæðum 	
	– Umferðartækni <ul style="list-style-type: none"> • Ryk á framkvæmdatíma • Hávaði vinnuvéla • Útblástur vinnuvéla • Mengunarslys • Töf á umferð 	– Umferðartækni <ul style="list-style-type: none"> • Ryk á framkv.tíma • Hávaði vinnuvéla • Útblástur vinnuvéla • Mengunarslys 	– Umferðartækni <ul style="list-style-type: none"> • Umferðaröryggi • Umferðarhávaði • Útblástur frá umferð • Mengunarslys • Samgöngur 	
	– Samfélag <ul style="list-style-type: none"> • Atvinna 	– Samfélag <ul style="list-style-type: none"> • Atvinna 	– Samfélag <ul style="list-style-type: none"> • Atvinna/þjónusta • Útivist/ferðaþjónusta 	

5. LÝSING Á STAÐHÁTTUM

5.1. MANNLÍF OG ÚTIVIST

Eftirfarandi byggir að mestu á upplýsingum af heimasíðu Öxarfjarðarhrepps (www.oxarfjordur.is).

Í Öxarfjarðarhreppi bjuggu 331 manns 31. desember 2004 (Heimasíða Hagstofu Íslands, október 2004). Þéttbýlið Kópasker er aðalþjónustukjarni héraðsins og á Röndinni, sjávarkambinum sunnan þéttbýlisins, standa mörg af atvinnufyrirtæjum staðarins. Íbúar Kópaskers voru 139 manns 31. desember 2004.

Á Kópaskeri eru meðal annars Landsbanki, Sparisjóður, Pósthús, Heilsugæslustöð, Bifreiða- og vélaverkstæðið Röndin, Kópaskersflugvöllur og Kópaskershöfn. Þar er einnig Gistiheimilið, með gistingu og veitingasölu, Verslunin Bakki, sem rekur einnig bensínstöð, Videoleigan Kópaskeri, sem er að auki bókaverslun og matsölustaður. Þá er einnig ágætt bóka- og byggðasafn og tjaldstæði á svæðinu.

Í Öxarfjarðarhreppi er nær eingöngu stundaður sauðfjárbúskapur. Góður árangur hefur náðst í vinnslu afurða hjá Fjallalambi hf., sem er sláturhús og kjötvinnsla í eigu bænda í Norður-Þingeyjarsýslu, sveitarfélagi og fleiri. Hrossarækt hefur verið stunduð um árabil með allgóðum árangri auk fjárhundaræktar og þjálfunar. Fyrir nokkrum árum var hafin lífræn ræktun á gulrótum, spergilkáli o.fl.

Fiskveiðar og útgerð var allnokkur á árum áður og var Árni á Bakka, 250 tonna togskip, stærsta skipið sem gert var út frá Kópaskeri um skeið. Nú eru þar gerðar út örfáar trillur og einn rækjubátur, Þingey.

Skammt sunnan við syðri útboðsenda er fiskeldisstöðin Silfurstjarnan hf. sem stofnuð var árið 1988. Hún er ein af stærstu fiskeldisstöðvum landsins. Starfsmannafjöldi er 22. Silfurstjarnan er eina fiskeldisstöðin á Íslandi sem notar jarðhita að einhverju marki.

Áhrif á mannlíf og útivist

Á framkvæmdatíma mun umferð um svæðið raskast. Þar sem framkvæmdin er að mestu á núverandi vegi munu vegfarendur um Norðausturveg verða mjög varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks, ósléttis vegyfirborðs og truflunar á umferð. Ryk og hávaði mun líklega hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum á framkvæmdatíma. Reiknað er með að framkvæmdin skapi störf á svæðinu meðan á henni stendur.

Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf vegna öruggari og betri vegar með bundnu slitlagi og fækkun einbreiðra brúa. Reiknað er með að umferð ferðamanna um svæðið muni aukast með bættum vegasamgöngum.

5.2. LANDSLAG

Landslagið í nágrenni framkvæmdasvæðisins er fjölbreytt að lögun og flokkast sem samsett landslag skv. skilgreiningu í leiðbeiningarriti um námur, efnistöku og frágang.

Landslagið á framkvæmdasvæðinu er menningarlandslag og ber sterk einkenni af landbúnaði. Vegurinn liggur um láglendi, ýmist milli túna eða beitilanda. Girðingar eru víðast meðfram veginum.

Mikið útsýni er af veginum. Til vesturs blasa Öxarfjörðurinn, sandar Jökulsár í Öxarfirði og Tjörnes við úr fjarska. Til suðurs ber mest á Öxarnúpi.

Núverandi vegur fellur nokkuð vel að landinu. Hann var byggður á árunum 1960-1970, á þeim tíma sem hliðarýtt var í vegi. Landinu meðfram veginum hefur því verið raskað. Einnig eru nokkrar opnar námur í næsta nágrenni við framkvæmdasvæðið.

Áhrif á landslag

Búið er við að framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á landslagið þar sem vegurinn liggur, því aðeins er vikið lítillega út af honum á stuttum köflum, við Svelting, Presthólalón og Brekkuhamar. Landslaginu á vegarstæðinu hefur þegar verið raskað með vega- og annari mannvirkjagerð.

Á vegsvæði mun landslagsmyndin breytast lítilsháttar þar sem nýr vegur verður hærri og breiðari en núverandi vegur. Útsýni af vegi mun aukast.

Landslagi við Daðastaða-, Naustár-, Valþjófsstaða-, Hrauntúns- og Presthólanámu hefur þegar verið raskað. Efnistaka vegna þessarar framkvæmdar mun breyta landslagi í námunum frekar. Djúpadalsnáma, sunnan Presthóla, mun einnig hafa einhver áhrif á landslag en ekki er talið að hún verði áberandi í landslaginu því að sá hluti námusvæðisins sem nú er ræktað verður sléttað og ræktað aftur upp sem tún. Auðvelt er að ganga frá námunni og verður það gert að framkvæmdum loknum.

Gengið verður þannig frá vegsvæði og efnistökusvæðum að vegurinn og efnistökusvæðin falli vel að landi. Að lokinni landmótun verður metið hvar sá skal í vegskeringar, vegkanta og námusvæði. Reiknað er með að röskuð svæði verði fljót að gróa upp og því muni sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa nokkuð fljótt.

5.3. SAMGÖNGUR, UMFERÐARÖRYGGI OG MENGUN

Engin umferðarslys hafa verið skráð á vegarkaflanum á árunum 1996 - 2003. Á seinustu árum hefur umferð og umferðarhraði á veginum aukist.

Íbúðarhús eru hvergi það nálægt veginum að truflun sé af hljóðmengun.

Áhrif á samgöngur og umferðaröryggi

Búast má við að umferð um svæðið tejjist eitthvað meðan á framkvæmdum stendur.

Þegar framkvæmdum á kaflanum lýkur verða samgöngur öruggari en nú, þegar breidd og hæðarlega vegarins hefur verið bætt, beygjur rýmkaðar og bundið slitlag lagt á allann kaflann.

Áhrif á mengun

Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferðar stórra vinnuvéla. Að framkvæmdum loknum minnkar hljóð- og loftmengun miðað við núverandi ástand vegna bundins slitlags.

5.4. LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN

Vegurinn liggur um lönd Daðastaða, Valþjófsstaða I, II og III, Einarsstaða, Presthóla og Brekku. Einarsstaðir eru í eyði en búið er í Vin, sem er íbúðarhús í landi jarðarinnar. Á bæjunum á svæðinu er stundaður hefðbundinn búskapur auk þess sem eigendur Daðastaða, Presthóla og Brekku hafa unnið að uppgræðslu svæðisins í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Lúpinu hefur aðallega verið sáð í sandana norðan Klapparóss í landi Brekku, og á víðáttumikla mela Daðastaða og Presthóla. Árið 1993 veitti Landgræðsla ríkisins ábúendum Brekku Landgræðsluverðlaunin fyrir störf þeirra að landbótum og uppgræðslu. Þá eru landeigendur á Valþjófsstöðum, Presthólum og Brekku einnig í samstarfi við Norðurlandsskóga. Í Presthólalóni er lítilsháttar silungaeldi.

Núverandi vegur liggur meðfram túnnum á nokkrum stöðum. Í landi Valþjófsstaða eru tún austan vegar, á 1540 m kafla, milli stöðva 16700-18240. Við Presthóla eru einnig tún upp við veginn, að hluta til beggja vegna vegar, milli stöðva 18860-19740. Á um 400 m löngum kafla liggur vegurinn fast meðfram austanverðu Presthólalóni. Að öðru leyti liggur vegurinn meðfram beitilöndum sauðfjár. Tún Daðastaða og Brekku eru fjarri veginum.

Þar sem girðingum verðum raskað mun Vegagerðin sjá um að girða meðfram veginum í samráði við landeigendur að framkvæmdum loknum.

Hæðarlega heimreiða verður aðlöguð hæðarlegu nýs vegar. Áfram verða tryggðar tengingar við tún og námur.

Hvað varðar lagnir á svæðinu þá liggur hitaveitulögn meðfram veginum að vestanverðu, norður fyrir Klapparós en þaðan nánast að útboðsenda að austanverðu.

Raflagnir liggja austan vegar og eru utan framkvæmdasvæðisins nema við fyrirhuguð efnistökusvæði við Djúpadal og fjárhús, þar sem strengur þverar efnistökusvæðin.

Símastrengur liggur innan framkvæmdasvæðisins við Svelting og Klapparós auk þess sem símastrengur þverar veginn við nyrðri útboðsenda.

Vatnslagnir liggja hvergi á framkvæmdasvæðinu.

Áður en framkvæmdir hefjast verður kannað hvort fleiri lagnir liggja undir eða við veginn. Allar lagnir verða mældar inn, kynntar í útboðsgögnum og merktar vel áður en framkvæmdir hefjast til að koma í veg fyrir að þær raskist við framkvæmdina.

Áhrif á landnotkun

Endurbuygging Norðausturvegar á þessum kafla mun hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu sem vegurinn liggur um. Hann mun ekki raska landgræðslu- eða skógræktarsvæðum en tünnum tímabundið. Fyrirhugað er að færa veginn fjær Presthólalóni á stuttum kafla, til að draga úr áhrifum hans á lífríki lónsins.

Gengið verður frá öllum efnistökusvæðum sem nýtt verða vegna þessarar framkvæmdar.

5.5. JARÐMYNDANIR OG VATN

Vegurinn liggur að mestu um þurrlendi nema skammt sunnan Brekku þar sem hann liggur á kafla um hálfdeigju í jaðri starartjarnar auk þess sem hann liggur meðfram Presthólalóni að austanverðu.

Jarðfræðingur hjá Vegagerðinni tók eftirfarandi saman: Berggrunnurinn á svæðinu er ungur og eru berglögin rétt segulmögnuð og því talin vera yngri en 0,8 milljón ára og tilheyra móbergsmýnduninni. Hér er að finna grágrýti frá hlýskeyðum ísaldar og móberg frá kuldaskýðum. Svæðið er í austurjaðri gosbeltisins á Norðurlandi. Um Öxarfjörð og eftir vesturströnd Melrakkaslétta er virkt sprungukerfi og samhliða því er alllöng gígaröð sem nær frá Mývatnsöræfum og norður á Melrakkaslétta. Samfara sprungureininni eru misgengi og sigdalir. Gígarnir heita mörgum mismunandi nöfnum. Syðst á Mývatnsöræfunum eru Rauðuborgir, síðan taka við Sveinar og Ytrisveinar. Þegar komið er norður og austur yfir Jökulsá eru Randarhólar. Um miðja Melrakkaslétta eru nyrstu gígarnir, Rauðhólar, og er talið að þeir hafi verið mikilvirkastir. Þar gaus í byrjun nútíma, líklega fyrir um 9000 árum, og rann hraunið m.a. til sjávar á milli Magnavíkuráss og Klapparóss. Hraunið ber nokkur heiti og við framkvæmdarsvæðið kallast það Presthólahraun. Jarðskjálftar eru töluvert algengir á svæðinu.

Í hámarki síðasta jökulskeiðs fyrir um 18-20.000 árum náðu jöklar út á landgrunnið og var svæðið hulið þykum jökli. Síðasta jökulskeið einkennist af stöðugri framrás og hopun jökla. Á þessum tíma var Melrakkasléttan annaðhvort hulin jökli á kuldaskýðum eða íslaus á hlýskeyðum. Á kuldaskýðum skriðu jöklar út frá miðri Sléttunni niður í Öxarfjörð og Pistilfjörð (Halldór G. Pétursson 1997).

Á því kuldaskýði er nefnist yngri-Dryas, fyrir um 10.300 árum, stækkaði íslenski meginjökullinn og náði sumstaðar út undir núverandi strendur landsins (Hreggviður Norðdahl og Halldór G. Pétursson 2005). Við Öxarfjörð gekk jökull líklegast síðast fram á þessum tíma og náði út fyrir núverandi strönd og gekk í sjó fram. Samfara þessu reis sjávarborð og fjörumörk frá þessum tíma má rekja frá Kópaskeri og allt suður í Kelduhverfi (Halldór G. Pétursson 1997). Rétt norðan við

Kópasker eru þau í 15 m hæð yfir sjó og við Ærlæk-Skinnastaði eru þau talin vera í 40 – 45 m hæð yfir sjó. Á hluta framkvæmdarsvæðisins liggur núverandi vegur í svipaðri hæð og þessi fornu fjörumörk. Svæðið er talið hafa orðið jökullaust í lok síðjökultíma og byrjun nútíma.

Áhrif á jarðmyndanir

Bygging vegarins mun hafa lítil áhrif á jarðmyndanir því veglínan fylgir að mestu núverandi vegi og engar stórar skeringar verða á framkvæmdasvæðinu nema við Svelting og Brekkuhamar. Efnistaka tengd framkvæmdinni mun hafa áhrif á jarðmyndanir, aðallega vegna fjárhús- og Presthólanámu. Námurnar eru að hluta á svæði sem, samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999, á að forðast að raska. Námurnar er flestar þegar opnar en fyrirhugaðar eru stækkanir á þeim í tengslum við framkvæmdina. Að framkvæmdum loknum verður gengið frá námunum og þeim lokað.

5.6. GRÓÐURFAR OG FUGLAR

Ekki hefur verið kannað hvort sjaldgæfa fugla eða gróður sé að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Landinu sem raskað verður við framkvæmdina hefur áður verið raskað með búfjárbreit og mannvirkjagerð. Við byggingu núverandi vegar hefur landinu meðfram veginum verið raskað, vegna hliðarýtinga í veg. Vegsvæðið er hálfgróið en gróðurinn á vegsvæðinu er ekki upprunanlegur og því líklega afleiðing af uppgræðslu Vegagerðarinnar.

Lúpínu hefur verið sáð nokkuð víða á svæðinu og mun hún á nokkrum stöðum skerðast vegna framkvæmdarinnar.

Náttúrufarskönnun var unnin á svæðinu í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar um Öxarfjarðarheiði. Rannsóknarsvæðið náði suður fyrir landamerki Presthóla og Valbjófsstaða. Í skýrslunni kemur fram að gróður er mest lyngmóar með fjalldrapa, bláberjalynghi, sortulyngi og krækilyngi. Hraunbungur sem standa upp úr múnum eru flikróttar af mosategundinni hraungambra. Í votlendinu neðan við Brekku er aðallega gulstör og í hálfdeigjunni, hrossanál, starir og grös. Ekki er vitað um nein sjaldgæf gróðurfélög á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði milli Arnarstaða og Brekku.

Áhrif á gróðurfur

Framkvæmdin fylgir að mestu núverandi vegi og raskar nær eingöngu svæði sem raskað hefur verið við eldri vegagerð. Áhrif á gróðurfur meðfram veginum verða óveruleg.

Við frágang svæðisins mun Vegagerðin græða upp að minnsta kosti jafn stórt gróðursvæði og það sem raskast við framkvæmdina.

Áhrif á fugla

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Reiknað er með að áhrifin verði óveruleg.

5.7. MENNINGARMINJAR

Fornleifastofnun Íslands var fengin til að gera rannsókn á fornleifum innan mögulegs framkvæmdasvæðis Norðausturvegar á kaflanum frá Arnarstöðum að Brekku. Í eftirfarandi texta eru dregnar saman helstu niðurstöður skráningarinnar: Til að minnka hættu á að raska fornminjum var við hönnun vegarins miðað við að hafa sem minnstar skeringar að því leyti sem aðstæður leyfa.

Dys

Upp af Magnavík, vestan núverandi vegar og skammt sunnan landamerka Valbjófsstaða og Presthóla er grjótdyngja sem nefnd er Dys (NP-072:014). Dysin er eina friðlýsta fornleifin á svæðinu og í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands er hún talin í talsverðri hættu sökum

framkvæmdanna. Samkvæmt mælingum virðist hún þó vera í um 70 m fjarlægð frá fláafæti og getur því ekki talist í hættu vegna vegagerðar.

Goðasteinn

Goðasteinn er 50 m austan við núverandi veg, staðsettur á landamerkjum Valþjófsstaða og Presthóla (NP-072:015). Staðurinn er alls órannsakaður og í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands kemur fram að vandlega þurfi að fylgjast með öllum framkvæmdum í nágrenni minjastaðarins þar sem líklegt sé að við hann kunni að leynast fornleifar undir sverði. Vegagerðin telur að staðurinn sé ekki í hættu vegna vegagerðar.

Buðlungahöfn

Við Buðlungahöfn eru nokkrar minjar um fornan lendingarstað (NP-075:034/NP-075:005). Í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands eru þær taldar í hættu vegna vegagerðar. Samkvæmt mælingum virðast þær þó vera í rúmlega 100 m fjarlægð frá fláafæti þess valkostar sem Vegagerðin leggur fram og geta því ekki talist í hættu vegna vegagerðar.

Sveltingur

Við Svelting eru skráðar nokkrar fornminjar (NP-075:015/NP-075:016), einkum eru það gamlar götur sem taldar eru í hættu vegna vegagerðar á þessum stað. Helst virðist þar um að ræða Sveltingsgötur en ekki er augljóst af skýrslu Fornleifastofnunar Íslands að hve miku leiti þær kunna að eyðileggjast vegna áætlaðrar vegagerðar, en mest gæti verið um að ræða að á 3-400 m kafla, sem göturnar lendi undir vegi eða í vegskeringu. Áður en framkvæmdir hefjast munu fornleifafræðingar kanna svæðið nánar og mæla göturnar upp.

Eftir að fornleifaskráningu lauk á svæðinu fundust merki um fornminjar í brekkunni við Svelting. Um er að ræða merki um gamlar veghleðslur á stuttum köflum í vegstæði eldri vegar austan núverandi vegar vegar en í vegstæði nýs vegar. Hluti þeirra mun þó ekki fara undir vegfyllingu. Áður en framkvæmdir hefjast munu fornleifafræðingar grafa könnunarskurð, þvert í gegnum veghleðslurnar.

Presthólalón

Talið er að núverandi vegur hafi verið lagður yfir bæjartóftina að Lónshúsum sem var rétt norðan Presthólalóns (NP-070:009). Í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands er þessi staður talinn í stórhættu vegna vegagerðar. Þarna verður nýr vegur í nánast óbreyttri legu og eingöngu á fyllingu á þegar röskuðu svæði. Minjavörður Norðurlands eystra telur ekki þörf á frekari rannsóknum á þessu svæði.

Brekka

Í skýrslu Fornleifastofnunar er getið um heimildir um fjárskýli í landi Brekku norðan Klapparóss (NP-068:022). Ekki sést þar til neinna fornleifa. Umræddur staður gæti verið í hól sem er rétt við veglínu nálægt stöð 23500. Minjar þessar eru taldar í hættu vegna vegagerðar.

Gert er ráð fyrir minni háttar skeringar í þennan hól á um 30-40 m kafla. Mesta breidd er um 6 m frá vegkanti og rúmlega 1 m á dýpi, en oftast mun minna. Þess ber að geta að á umræddu svæði hefur verið lögð hitaveitulögn þannig að ekki er um alveg óhreyft land að ræða.

Áður en framkvæmdir hefjast munu fornleifafræðingar grafa um 40 m langan könnunarskurð til að kanna hvort um fornleifar sé að ræða.

Áhrif á fornminjar

Vegna þess að ný veglína fylgir núverandi vegi og raskar að mestu svæði sem þegar hefur verið raskað við byggingu núverandi vegar er reiknað með að lítil hætta sé á að fornleifar finnist í vegstæðinu. Við framkvæmdina mun hluti Sveltingsgatna og veghleðsla skerðast. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi áhrif á aðrar fornleifar.

Framkvæmdaraðili undirstrikar að við bæjartóftina að Lónshúsum verður vegurinn eingöngu lagður á fyllingu á þegar röskuðu svæði. Ekki verður um neinar vegskeringar að ræða á þeim svæðum.

Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Norðurlands eystra um aðgerðir. Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðis.

6. AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Nýr vegur er hannaður þannig að hann fylgi núverandi vegi eftir því sem unnt er og falli vel að landslagi.
- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæðið, námuvegi og námur og verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan vegsvæðis á verk tíma nema að námum.
- Vegtengingar verða lagaðar að nýrri hæðarlegu vegarins. Leitast verður við að raska búskap sem minnst. Vegagerðin mun reyna að byggja veginn í sátt við landeigendur. Landeigendum verður greitt fyrir efnistöku úr námum. Það land sem lendir undir vegaf framkvæmdum, að námum undanskyldum, er að mestu innan núverandi vegsvæðis. Samráð verður haft við landeigendur varðandi það land sem raskast utan vegsvæðis og það bætt á viðeigandi hátt.
- Girt verður að nýju ef hrófla þarf við girðingum meðfram veginum.
- Fornleifar í nágrenni vegsvæðisins verða merktar á áberandi hátt og kynntar í útboðsgögnum. Þá verða frekari rannsóknir á fornleifum gerðar á þremur stöðum áður en framkvæmdir hefjast. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjavörð Norðurlands eystra varðandi aðgerðir.
- Vegagerðin mun græða upp fyllingar og vegskeringar í veglínunni, a.m.k. jafnmikið gróðurlendi og raskast við framkvæmdina í samráði framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar og landeigendur.
- Gengið verður frá öllum efnistökusvæðum sem nýtt verða vegna þessarar framkvæmdar nema eindreginn vilji landeigenda kveði á um annað. Þeim verður lokað, gengið frá jöðrum þeirra og þau aðlöguð að aðliggjandi landi. Svarðlagi sem hefur verið ýtt í hauga verður jafnað yfir námusvæðið þar sem það á við. Í samráði við Umhverfisstofnun og landeigendur verður metið hvort sáð verður í svæðið. Reynt verður að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.

Haft verður samráð við eftirtalda aðila:

Framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar um efnistöku og frágang á svæðinu.

Minjavörð Norðurlands eystra, varðandi fornleifar í hættu

Sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps, varðandi framkvæmdaleyfi.

Veiðimálastjóra, varðandi framkvæmdaleyfi vegna Presthólalóns og hugsanlega Klapparós.

Landeigendur, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu.

Daðastaðir: Gunnar Einarsson (180548-2709) og Guðrún Sigríður Kristjánsdóttir (030156-7819), Daðastöðum, 671 Kópasker. S: 465 2220 / 852 5226 / 892 5226

Kristján Ingi Jónsson (270273-4759), Daðastöðum, 671 Kópasker. S: 465 2420 / 862 3738 / 855 4838.

Valbjófsstaðir I: Björn Halldórsson (240354-2849) og Elísabeth Hauge (140354-7679), Valbjófsstöðum I, 671 Kópasker. S: 465 2217 / 854 5317 / 863 2217.

Valbjófsstaðir II: Halldór G. Halldórsson (080358-3859) og Anna Soffía Svavarsdóttir (131059-2489), Stapasíðu 24, 603 Akureyri. S: 462 7440.

Valbjófsstaðir III: Halldór Sigurðsson (110225-4319) og Kristveig Björnsdóttir (020127-2289), Valbjófsstöðum, 671 Kópasker. S: 465 2218 / 898 2218.

Einarsstaðir: Hólmfríður Halldórsdóttir (170751-2649) Einarsstöðum, 671 Kópasker.

Presthólar: Sigurður Árnarson (050554-4739) og Bryndís Alda Jónsdóttir (140759-4879), Presthólum, 671 Kópasker. S: 465 2223

Brekka: Dagbjartur Bogi Ingimundarson (171258-5539), Brekku, 671 Kópasker. S: 465 2113 / 854 2426 / 8972464. Rafn Ingimundarson (020553-3759), Grófarsmára 5, 201 Reykjavík. S: 555 2186.

7. NIÐURSTAÐA

Við framkvæmdina verður kafli á Norðausturvegi milli Arnarstaða og Brekku endurbyggður. Ný veglína fylgir núverandi vegi að mestu en vikur út af honum á þremur stöðum, við Svelting, Presthólalón og Brekkuhamar.

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar vegna friðlýstra fornminja í nágrenni framkvæmdasvæðisins og efnistöku í landi Presthóla.

Vegagerðin hefur gert efnisrannsóknir á svæðinu. Vegagerðin hefur einnig látið skrá fornminjar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Á stuttum köflum eru gamlar þjóðgötur og merki um gamlar veghleðslur sem ekki verður komist hjá að skerða. Þjóðgötturnar verða mældar upp en veghleðslurnar og svæði í landi Brekku þar fjárskýlis er getið í heimildum, verður kannað nánar.

Reiknað er með að áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar svæðisins verði óveruleg. Neikvæð áhrif verða aðallega á gróður.

Í útboðsgögnum verður tekið fram að takmarka skuli framkvæmdasvæðið eins og hægt er.

Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.

Hætta á mengunarslysum eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.

Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi. Með bundnu slitlagi á kaflanum lengist sá hluti Norðausturvegar sem uppfyllir kröfur um góðar samgöngur. Búast má við að umferð ferðamanna um svæðið muni aukast með bættum vegasamgöngum.

Vegagerðin telur að viðkomandi vegaf framkvæmd og sú námuvinnsla sem henni fylgir muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Til að áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður ýmsum aðgerðum beitt á framkvæmdatíma og haft samráð við ýmsa aðila.

8. HEIMILDIR

1. Halldór G. Pétursson, 1997: Jarðfræðikönnun vegna sorpurðunar við Kópasker. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-97008.
2. Hreggviður Norðdahl og Halldór G. Pétursson, 2005: *Síðjökultími á Norðurgosbeltinu, eldvirkni og útbreiðsla jökla*. Vorráðstefna 2005. Árip erinda og veggspjalda. Jarðfræðifélag Íslands, bls. 42-43.
3. Kristinn J. Albertsson (ritstj.), 2003 Norðausturvegur um Melrakkaslétu-Náttúrufarskönnun vegna vegagerðar. Unnið fyrir Vegagerðina á Akureyri.
4. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 75 bls.
5. Náttúruminjaskrá, 2004: Heimasíða Umhverfisstofnunar, október 2004. www.ust.is
6. Náttúruverndaráætlun 2004-2008, Aðferðarfræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.
7. Tómas Einarsson og Helgi Magnússon, 1989: Íslands handbókin, náttúra, saga og sérkenni, Örn og Örlygur, Reykjavík.
8. Þórarinn Þórarinsson, Þórarinn Kristjánsson og Halldór Sigurðsson, 1985: Land og fólk, Byggðasaga Norður-Þingeyinga. Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga, Akureyri.
9. Öxarfjarðarhreppur, 2004: Heimasíða Öxarfjarðarhrepps, október 2004. www.oxarfjordur.is

9. TEIKNINGAR

- Teikning 1. Vegagerðin, (2005): Yfirlitsmynd
- Teikning 2. Vegagerðin, (2005): Grunnmynd af framkvæmdasvæðinu, mkv. 1:5.000, 6 teikningar